Mál þetta á rætur að rekja til þess að stefnda auðkenndi sig í netbanka stefnanda þann 22.05.2025 og sótti um lán hjá stefnanda að fjárhæð kr. 210.000 Samhliða umsókn um lánið staðfesti stefnda að hafa kynnt sér staðlaðar upplýsingar um lánessamninginn, upplýsingabækling Neytendastofu um þróun höfuðstóls og greiðslubyrði, yfirlit yfir þróun vaxta og greiðsluáætlun. Lánsbeiðnin var samþykkt af hálfu stefnanda og var lánsfjárhæðin í framhaldinu greidd til stefndu.

Gjaldddagi lánessamningsins þann 01.07.2025 var ekki greiddur og var lánessamningurinn gjaldfelldur miðað við þann dag, með heimild í skilmálum lánessamningsins. Námu þá eftirstöðvar skuldarinnar samtals kr. 213.121, sem er stefnufjárhæð málsins. Þar af námu eftirstöðvar höfuðstóls skuldarinnar kr. 210.000 og vangreiddir samningsvextir kr. 3.121, sbr. dskj. nr. 6.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefndu að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Samkvæmt skilmálum lánessamningsins ber stefndu að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Krafa um greiðslu málskostnaðar byggir á ákvæðum 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og er fjárhæð málskostnaðar útlistuð á málskostnaðarreikningi á dskj. nr. 12. Undir málskostnaðarkröfu stefnanda fellur bankakostnaður vegna ógreiddra gjalda sem fallið hafa á skuldina fram að löginneimtu, vegna innheimtu skuldarinnar, sbr. g-liður 1. mgr. 129. gr. laganna. Stefndi er skuldbundinn til að greiða kostnaðinn samkvæmt 9. gr. almennra viðskiptaskilmála stefnanda, sbr. dskj. nr. 9 og eru einstaka liðir viðkomandi gjalda tilteknir í viðeigandi liðum í verðskrá stefnanda, sbr. dskj. nr. 10.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefnda með óþekkt heimilisfang en ekki er nánar vitað um heimilisfang hennar. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir:

Visað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Visað er til laga nr. 33/2013 um neytendalán. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn:

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Lánessamningur 265703.
4. Staðlaðar upplýsingar um evrópsk neytendalán.
5. Yfirlit ráðstöfunar.
6. Staða láns.
7. Upplýsingar úr Þjóðskrá.
8. Lýsing á frum- og milliinnheimtuferli.
9. Almennir viðskiptaskilmálar.
10. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun:

Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er **Héraðsdómur Reykjavíkur**, á dómþingi sem haldið verður að/í **dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 13. nóvember 2025, kl. 10.00**, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 25. ágúst 2025.

f. h. stefnanda,

Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður.

(2025019250

Útgáfud.: 18. september 2025

Stefna - til greiðslu skuldar*Aðilar málsins eru:*

Stefnandi: Teya Iceland hf., kt. 440686-1259, Katrínartúni 4, Reykjavík,

Fyrirsvarsmáður: Ali Z. H. Mazanderani, kt. 170282-4509, Aldrei haft lögheimili á Íslandi, stjórnarformaður.

Stefndi: Paul-Gabriel Negulescu, kt. 230502-3740, Ótilgreint, Kópavogi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Davíð Blöndal Þorgeirsson, lögmaður, rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 103.529, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 17.255 frá 2.11.2024 til 2.12.2024, af kr. 34.510 frá 2.12.2024 til 2.1.2025, af kr. 51.764 frá 2.1.2025 til 2.2.2025, af kr. 69.019 frá 2.2.2025 til 2.3.2025, af kr. 86.274 frá 2.3.2025 til 2.4.2025, af kr. 103.529 frá 2.4.2025 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi er fjártækniyrirtæki sem sérhæfir sig í rafrænum lánasamningum fyrir neytendur. Ofangreind dómkrafa er tilkomin vegna raðgreiðslusamnings nr. 590888, dags. 9.4.2024, upphaflega að fjárhæð kr. 207.058. Stefnanda bar að endurgreiða lánið með 12 jöfnum afborgunum á mánaðar fresti, í fyrsta sinn hinn 2.5.2024. Við upphaf lánessamnings greiddi stefndi fyrstu afborgunina í samræmi við greiðsluáætlun en þegar ekki höfðu borist frekari innborganir af láninu, og afborganir með gjalddaga í nóvember 2024 til maí 2025 voru gjaldfallnar, voru eftirstöðvar lánsins gjaldfelldar í samræmi við skilmála lánessamningsins.

Krafa stefnanda nemur fjárhæð kr. 103.529 sem sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Raðgreiðslusamningur nr.	590888
Afborgun dags. 2.11.2024	kr. 17.255
Afborgun dags. 2.12.2024	kr. 17.255
Afborgun dags. 2.1.2025	kr. 17.254
Afborgun dags. 2.2.2025	kr. 17.255

Afborgun dags. 2.3.2025	kr. 17.255
Afborgun dags. 2.4.2025	kr. 17.255
Afborgun dags. 2.5.2025	kr. 0
Eftirstöðvar dags. 16.5.2025	kr. 0
Samtals:	kr. 103.529

Samtals nemur skuld stefnda því kr. 103.529 sem er stefnufjárhæð þessa máls en dráttarvaxta er krafist af hverri gjaldfallinni afborgun af skuldinni frá þeim degi sem hún féll í gjalddaga.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Af þeim sökum er stefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi óstaðsettur í hús í Kópavogi, en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttarins, meðal annars um skuldbindingargildi samninga og réttar efndir fjárskuldbindinga sem fær stoð í 45., 47. og 54. gr. laga nr. 50/2000 og lögum nr. 42/2000.

Þá er einnig vísað til laga um neytendalán nr. 33/2013.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti styður stefnandi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum.

Krafa um að tekið verði tillit til áfallins innheimtukostnaðar styðst við ákvæði 7. og 12. gr. laga nr. 95/2008.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. nr. 91/1991 og um birtingu stefnu vísast til a. liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna þessi ásamt birtingarvottorði.
2. Skrá yfir dskj. 1-5.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á Paul-Gabriel Negulescu, kt. 230502-3740, Ótilgreint, Kópavogi, að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 30. október 2025, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn.

Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur stefndi átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.

F. h. stefnanda,

Davíð Blöndal Þorgeirsson lögmaður.

(2025019252

Útgáfud.: 19. september 2025

Stefna

Doaa Al Massri

kt. 180896-5629

Kristnibraut 93, Reykjavík

gjörir kunnugt að hún þurfi að hún þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Mohamed Walid Mohammed Hussein, Shawqi Street 81, apartment 7, 11553 Kaíró, Egyptalandi.*I. Dómkröfur.*

Stefnandi krefst þess að henni verði með dómur veittur lögskilnaður frá stefnda.

Stefnandi krefst þess að sér verði óskipt veitt forsjá og lögheimili barnsins Sandra Hussein, kt. 290117-3440.

Þá gerir stefnandi kröfu um að stefnda verði gert að greiða einfalt meðlag með barninu eins og barnalífeyrir er ákveðinn hverju sinni frá 10. júlí 2024 til 18 ára aldurs barnsins. Til *vara* krefst stefnandi þess að stefndi greiði stefnanda einfalt meðlag með barninu eins og barnalífeyrir er ákveðinn hverju sinni frá dómsuppsögu til 18 ára aldurs barnsins.

Loks er þess krafist að stefndi greiði stefnanda málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

II. Málflutningsumboð.

Helgi Þorsteinsson Silva lögmaður, lögmannsstofunni Norðdahl, Narfi og Silva, Hlíðasmára 10, Kópavogi, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

III. Málavextir.

Stefnandi er ríkisborgari Palestínu. Hún hlaut alþjóðlega vernd á Íslandi með ákvörðun Útlendingastofnunar þann 7. júlí 2022 (dskj. 4) ásamt dóttur sinni Söndru Hussein sem er nú átta ára gömul. Til hjónabands milli stefnanda og stefnda var stofnað þann 16. febrúar 2016. Þau eignuðust dótturina Söndru Hussein þann 29. janúar 2017. Hjónin slitu samvistum árið 2019 og var síðasta heimili þeirra hjóna í Egyptalandi. Stefnandi og dóttir hennar flúðu síðan til Íslands árið 2021 og hlutu alþjóðlega vernd hér á landi eins og fyrr greinir árið 2022.

Málsaðilar eru ekki í sambandi og stúlkan þekkir ekkert til föður síns þar sem foreldrar skildu þegar hún var ungabarn. Stefnandi leitaði til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og lagði þar fram beiðni um beinan lögskilnað sbr. tilkynning sýslumanns um frávísun skilnaðarmáls dags. 28. október 2024 (dskj. 3). Þá óskaði stefnandi þess einnig að fara óskipt með forsjá dóttur sinnar. Stefndi brást ekki við boðum sýslumanns um sáttameðferð, ekkert náðist til hans og er afstaða hans því óþekkt. Stefnandi fékk nýtt vottorð útgefið þann 8. júlí 2025 (dskj. 5). Sáttaumleitaniir hafa ekki borið árangur og er stefnandi því nauðbeygð til að höfða mál á hendur stefnda.

Um nánari málsatvik er vísað til fyrirbyggjandi gagna máls.

*IV. Málsástæður.**Krafa um lögskilnað.*

Stefnandi gerir kröfu um að henni verði með dómi veittur lögskilnaður frá stefnda. Krafan styðst við rétt stefnanda til lögskilnaðar í 37. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 („hjl.“). Stefnandi og stefndi hafa ekki notið samvita síðan árið 2019 og hafa ekki tekið upp sambúð í nokkru formi eftir þann tíma. Samkvæmt fyrrgreindri 37. gr. hjl. getur hvort hjóna um sig krafist lögskilnaðar þegar samvistarslit vegna ósamlyndis hafa staðið í eitt ár hið skemmsta. Stefnandi telur skilyrðum ákvæðisins um samvistarslit bersýnilega fullnægt til þess að lögskilnaður verði veittur með dómi.

Fyrir liggur endurrit úr hjónaskilnaðarbók sýslumanns dags. 28. október 2024 (dskj. 3) þar sem fram kemur að stefnandi hafi farið fram á beinan lögskilnað við stefnda. Afstaða stefnda til skilnaðarins er óþekkt. Hann brást

ekki við tveimur boðum sýslumanns um sáttameðferð. Stefnandi fékk nýtt sáttarvottorð útgefið þann 8. júlí 2025 (dskj. 5) en þá tókst heldur ekki að ná sambandi við stefnda. Þar sem ekki hefur náðst í stefnda til þess að hljóta afstöðu hans til lögskilnaðar er nauðsynlegt að dómstólar fjalli um kröfuna, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 41. gr. hjl.

Krafa um forsjá, lögheimili og meðlag.

Stefnandi gerir kröfu um óskipta forsjá og lögheimili barnsins Sandra Hussein, kt. 290117-3440. Eins og fram kemur í sáttavottorði (dskj. 3) þekkir stúlkan ekki föður sinn. Stefnandi og stefndi slitu samvistum þegar hún var ungabarn. Stefnandi hefur því verið eini umönnunaraðili stúlkunnar og sinnt henni frá fæðingu, ólíkt stefnda sem hefur ekki haft neina aðkomu að lífi hennar, mestalla ævi barnsins.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á því að það sé barninu fyrir bestu að hún fari óskipt með forsjá og lögheimili þess, sbr. 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003 („bl.“). Í því skyni er vísað til 1. mgr. 3. gr. laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013 og 2. mgr. 1. gr. bl. Við deilu um forsjá og lögheimili barns ber samkvæmt meginreglunum að komast að niðurstöðu sem hentar hagsmunum barns sem best. Þá verður dómari skv. 2. mgr. 34. gr. bl. að líta til *hæfis* foreldra, *stöðugleika* í lífi barns, *tengsla* barns við báða foreldra, skyldu þeirra til að *tryggja rétt barns til umgengni*, hættu á að barnið, foreldri eða aðrir á heimili þess hafi orðið eða verði fyrir *ofbeldi*, og *vilja* barnsins, m.t.t. aldurs þess og þroska. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að 34. gr. eru þannig talin upp fleiri sjónarmið. Til viðbótar er því litið til *daglegrar umönnunar* og *umsjá barns*, *persónulegra haga foreldra* og *barns*, *aldurs barns*, *sameiningu systkinahóps*, *húsnæðismála*, *líðsinni vandamála* hvors foreldris um sig og *breytinga á umhverfi* barns. Stefnandi telur að öll helstu sjónarmiðin sem liggja 34. gr. bl. að baki styðji kröfu hennar um óskipta forsjá og lögheimili, enda hefur hún sinnt öllum þörfum barnsins frá fæðingu, og er til þess fallin. Hæfi hennar til að fara með óskipta forsjá og lögheimili barnsins langtum meira en stefnda og hefur hún ein sýnt til þess vilja. Stefnandi er sú eina sem hefur sinnt þörfum stúlkunnar, veitt henni stuðning, framfleytt henni mestallt líf stúlkunnar.

Þá samræmist það einnig stöðugleika í lífi barnsins að búa stúlkunni óskipta forsjá og lögheimili hjá stefnanda, enda er það hið eina sem stúlkan þekkir til. Stefnandi telur að tengsl hennar við stúlkuna styðji kröfu um forsjá og lögheimili. Í ljósi þess að hún er eini umönnunaraðili og uppalandi stúlkunnar eru tengslin afar sterk, hvað þá í samanburði við tengsl föðursins sem eru engin, sbr. ummæli í sáttavottorði um að stúlkan þekki ekki föður sinn (dskj. 3).

Loks styðst krafa stefnanda um óskipta forsjá og lögheimili við það, að það samræmist ekki hagsmunum barnsins að forsjá verði ákveðin sameiginleg eða að lögheimili yrði annars staðar en hjá stefnanda, sbr. fyrirnefnd 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Þá er ljóst af 4. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003 að foreldrar verði að vera jafn hæfir til að fara með forsjá barns og að ekki ríki ágreiningur á milli aðila sem sé til þess fallinn að hafa áhrif á eða koma í veg fyrir möguleika barns á því að alast upp við þroskavænleg skilyrði. Stefnandi telur hvorugt þessa eiga við. Stefnandi telur ljóst að með því að hafa ein sinnt stúlkunni frá upphafi sé hún auðsjáanlega hæfari til að fara með forsjá barnsins og engar forsendur séu fyrir sameiginlegri forsjá milli aðila þegar faðir barnsins býr í öðru landi og skeytir engu um hagi eða hagsmuni meðgnaða.

Krafa um meðlag.

Stefnandi gerir aðallega kröfu um að stefndi greiði henni einfalt meðlag með stúlkunni frá 10. júlí 2024 til 18 ára aldurs barnsins. Krafa um meðlag er gerð í ljósi framfærsluskyldu stefnda með barninu, sbr. 5. mgr. 34. gr. bl. og 1. og 2. mgr. 54. gr. bl. Krafa um meðlag styðst jafnframt við 6. mgr. 57. gr. bl. um að dómari skuli að kröfu aðila leysa úr ágreining um meðlag í dómi, þegar hann sker úr ágreiningsmáli um forsjá eða lögheimili. Stefndi hefur ekki tekið þátt í framfærslu barnsins frá því að samvistum málsaðila lauk árið 2019. Er tímamark meðlagsins afmarkað aftur í tímann af þeim sökum, m.a. þar sem ekki hefur verið samband milli stefnanda og stefnda eftir samvistarlitin, ekkert náðist í hann við meðferð hjá sýslumanni og í aðdraganda dómsmálsins. Stefna var fyrst undirrituð þann 10. júlí 2025 og lögð fram til birtingar í Egyptalandi með milligöngu sýslumannsins á Suðurnesjum. Birtingin tókst þó ekki. Krafist er meðlags eitt ár aftur í tímann frá þeirri dagsetningu, þ.e.a.s. þegar krafan var sett fram, sbr. 1. mgr. 57. gr. bl. Þá er knýjandi að slíkt sambandsleysi komi ekki niður á hagsmunum barnsins, sem á lögvarin rétt til þess að hljóta framfærslu frá foreldri sínu, í samræmi við 54. gr. bl. Til vara gerir stefnandi kröfu um að stefndi greiði henni einfalt meðlag með stúlkunni frá dómsuppsögu til 18 ára aldurs barnsins. Um allt framangreint er vísað til 4. mgr. 27. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, um að aðildarríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að

innheimta framfærslueyri með barni frá foreldrum eða öðrum sem bera fjárhagslega ábyrgð á barninu, bæði innan lands og frá útlöndum.

V. Lagarök.

Stefnandi byggir kröfur sínar einkum á hjúskaparlögum nr. 31/1993, þ.m.t. 37. gr. þeirra og barnalögum nr. 76/2003, þ.m.t. 28. gr., 34. gr. og 54. gr., 56. og 57. gr. þeirra auk laga nr. 13/2019 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um lögsögu vísast til b-liðar 1. mgr. 36. gr. laga nr. 76/2003, sbr. 4. mgr. 36. gr. og a-liðar 2. mgr. 68. gr. barnalaga og 114. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Varðandi varnarþing vísast til 37. gr. barnalaga og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 31/1993.

VI. Birting stefnu í Lögbirtingablaði.

Varðandi heimild til stefnubirtingar í Lögbirtingablaði er vísað til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 83. gr. sömu laga. Ekki hefur tekist að afla upplýsinga um hvar megi birta stefnda stefnuna í málinu eftir almennum reglum. Reynt var að birta stefnu með milligöngu sýslumannsins á Suðurnesjum á síðasta þekkta lögheimili stefnda (Shawqi Street 81, apartment 7, 11553 Cairo, Egypt) en það tókst ekki (dskj. 8-9). Sökum þessa er stefnan birt skv. framangreindu í Lögbirtingablaði og stefnufrestur tilgreindur einn mánuður í samræmi við ákvæði 3. tölul. 91. gr. laga nr. 91/1991.

VII. Varnarþing.

Varðandi varnarþing vísast til 37. gr. barnalaga og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 31/1993.

VIII. Sönnunargögn og skýrslugjöf fyrir dómi.

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

1. Stefnu þessa;
2. Málflutningsumboð;
3. Tilkynningu um frávisun skilnaðarmáls og sáttavottorð dags. 28. október 2024;
4. Ákvörðun Útlendingastofnunar um alþjóðlega vernd dags. 7. júlí 2022;
5. Tilkynningu um frávisun skilnaðarmáls og sáttavottorð dags. 8. júlí 2025;
6. Gjafsóknarleyfi;
7. Afrit af fæðingarvottorði barnsins;
8. Bréf frá sýslumanninum á Suðurnesjum;
9. Bréf frá Egypskum stjórnvöldum.

Stefnandi áskilur sér rétt til þess að leggja fram sönnunargögn máli sínu til stuðnings, bera fram nýjar málsástæður og hafa uppi andmæli allt til þess að mál er dómtekið sbr. 41. gr. barnalaga. Ennfremur áskilur stefnandi sér þann rétt að kalla aðila fyrir og eftir atvikum vitni ef það má verða til þess að upplýsa dóminn um aðstæður barnsins sem og aðila þessa máls.

IX. Fyrirkall.

Fyrir því stefnist hér með stefnda, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem haldið verður í dómsal 102 í dómshúsinu við Lækjartorg, Austurstræti 19, 101 Reykjavík kl. 10.00, þann 16. desember 2025 er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Kópavogi, 11. september 2025.

F. h. stefnanda,

Helgi Þorsteinsson Silva lögmaður

(2025019276

Útgáfud.: 19. september 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi/-u: Inga Rún Kristjánsdóttir, kt. 270304-2650, óþekkt heimilisfang.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur:

Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 253.715, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 253.715 frá 1.7.2025 til greiðsludags. Kröfunúmer 00322-250138.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir og málsástæður:

Mál þetta á rætur að rekja til þess að stefnda auðkenndi sig í netbanka stefnanda þann 22.5.2025 og sótti um lán hjá stefnanda að fjárhæð kr. 250.000 Samhliða umsókn um lánið staðfesti stefnda að hafa kynnt sér staðlaðar upplýsingar um lánsamninginn, upplýsingabækling Neytendastofu um þróun höfuðstóls og greiðslubyrði, yfirlit yfir þróun vaxta og greiðsluáætlun. Lánsbeiðnin var samþykkt af hálfu stefnanda og var lánsfjárhæðin í framhaldinu greidd til stefndu.

Gjaldtagi lánsamningsins þann 1.7.2025 var ekki greiddur og var lánsamningurinn gjaldfelldur miðað við þann dag, með heimild í skilmálum lánsamningsins. Námu þá eftirstöðvar skuldarinnar samtals kr. 253.715, sem er stefnufjárhæð málsins. Þar af námu eftirstöðvar höfuðstóls skuldarinnar kr. 250.000 og vangreiddir samningsvextir kr. 3.715, sbr. dskj. nr. 6.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefndu að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Samkvæmt skilmálum lánsamningsins ber stefndu að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Krafa um greiðslu málskostnaðar byggir á ákvæðum 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og er fjárhæð málskostnaðar útlistuð á málskostnaðarreikningi á dskj. nr. 12. Undir málskostnaðarkröfu stefnanda fellur bankakostnaður vegna ógreiddra gjalda sem fallið hafa á skuldina fram að löginneheimtu, vegna innheimtu skuldarinnar, sbr. g-liður 1. mgr. 129. gr. laganna. Stefndi er skuldbundinn til að greiða kostnaðinn samkvæmt 9. gr. almennra viðskiptaskilmála stefnanda, sbr. dskj. nr. 9 og eru einstaka liðir viðkomandi gjalda tilteknir í viðeigandi liðum í verðskrá stefnanda, sbr. dskj. nr. 10.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefnda með óþekkt heimilisfang en ekki er nánar vitað um heimilisfang hennar. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir:

Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Vísað er til laga nr. 33/2013 um neytendalán. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn:

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Lánssamningur 265699.
4. Staðlaðar upplýsingar um evrópsk neytendalán.
5. Yfirlit ráðstöfunar.
6. Staða láns.
7. Upplýsingar úr þjóðskrá
8. Lýsing á frum- og milliinnheimtuferli.
9. Almennir viðskiptaskilmálar.
10. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun:

Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er **Héraðsdómur Reykjavíkur**, á dómþingi sem haldið verður að/í **dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg**, þann **23. október 2025**, kl. **10.00**, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 25. ágúst 2025.

f. h. stefnanda,

Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður.

(2025019287

Útgáfud.: 22. september 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi/-u: Christian Kwaku Boadi, kt. 231078-5099, óþekkt heimilisfang.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 398.413, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 398.413 frá 01.05.2025 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi. Kröfunúmer 00326-250053.

Málavextir og málsástæður:

Mál þetta á rætur að rekja til þess að stefndi auðkenndi sig í netbanka stefnanda þann 7.3.2022 og sótti um lán hjá stefnanda að fjárhæð kr. 1.800.000 Samhliða umsókn um lánið staðfesti stefndi að hafa kynnt sér staðlaðar upplýsingar um lánssamninginn, upplýsingabækling Neytendastofu um þróun höfuðstóls og greiðslubyrði, yfirlit yfir þróun vaxta og greiðsluáætlun. Lánsbeiðnin var samþykkt af hálfu stefnanda og var lánsfjárhæðin í framhaldinu greidd til stefnda.

Gjaldldagi lánssamningsins þann 1.5.2025 var ekki greiddur og var lánssamningurinn gjaldfelldur miðað við þann dag, með heimild í skilmálum lánssamningsins. Námu þá eftirstöðvar skuldarinnar samtals kr. 398.413, sem er stefnuþjárhæð málsins. Þar af námu eftirstöðvar höfuðstóls skuldarinnar kr. 394.167 og vangið samningsvextir kr. 4.246, sbr. dskj. nr. 6.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Samkvæmt skilmálum lánssamningsins ber stefnda að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Krafa um greiðslu málskostnaðar byggir á ákvæðum 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og er fjárhæð málskostnaðar útlistuð á málskostnaðarreikningi á dskj. nr. 12. Undir málskostnaðarkröfu stefnanda fellur bankakostnaður vegna ógreiddra gjalda sem fallið hafa á skuldina fram að löginneheimtu, vegna innheimtu skuldarinnar, sbr. g-liður 1. mgr. 129. gr. laganna. Stefndi er skuldbundinn til að greiða kostnaðinn samkvæmt 9. gr. almennra viðskiptaskilmála stefnanda, sbr. dskj. nr. 9 og eru einstaka liðir viðkomandi gjalda tilteknir í viðeigandi liðum í verðskrá stefnanda, sbr. dskj. nr. 10.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi með óþekkt heimilisfang en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir:

Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísað er til laga nr. 33/2013 um neytendalán. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn:

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Lánssamningur 183010.
4. Staðlaðar upplýsingar um evrópsk neytendalán.
5. Yfirlit ráðstöfunar.
6. Staða láns.
7. Innheimtuviðvörðun.
8. Innheimtubréf.
9. Lýsing á frum- og milliinnheimtuferli.
10. Almennir viðskiptaskilmálar.
11. Útskrift úr Þjóðskrá.
12. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun:

Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er **Héraðsdómur Reykjavíkur**, á dómþingi sem haldið verður að/í **dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 23. október 2025, kl. 10.00**, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 14. ágúst 2025.

f. h. stefnanda,
Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður

(2025019397

Útgáfud.: 23. september 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Armár Vinnulyftur ehf., kt. 680999-2449, Kaplahrauni 2-4, Hafnarfirði,

Fyrirsvarsmaður: Auðunn Svafar Guðmundsson, kt. 170871-5459, Eikarás 2, Garðabæ, stjórnarmaður.

Stefndu: TaSof ehf., kt. 591222-1120, Mörkinni 1, Reykjavík,

Fyrirsvarsmaður: Tatiana Nicula. kt. 270586-4819, Aldrei haft lögheimili á Íslandi, stjórnarformaður.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Davíð Blöndal Þorgeirsson, lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur:

Þess er krafist að hið stefnda einkahlutafélag verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 2.610.779, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 324.086 frá 31.1.2025 til 19.2.2025, af kr. 432.808 frá 19.2.2025 til 28.2.2025, af kr. 1.896.355 frá 28.2.2025 til 18.3.2025, af kr. 2.610.779 frá 18.3.2025 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í útleigu á ýmiskonar vinnulyftum og gröfum. Á milli málsaðila stofnaðist viðskiptasamband þegar stefndi óskaði eftir þjónustu stefnanda. Ofangreind dómkrafa er tilkomin vegna leigu stefnda á Genie S-45XC og CAT vinnuvélum sem afhentar voru við Hrafnaborg 1 og Grænuþorg 10 í Vogum yfir tímabilið frá janúar 2025 til mars 2025, líkt og nánar er lýst í framlögðum reikningum. Þá er Tatiana Nicula stefnt fyrir hönd félagsins sem stjórnarmanni þess.

Krafa stefnanda er byggð á:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1	31.01.2025	31.01.2025	324.086
2	19.02.2025	19.02.2025	108.722
3	28.02.2025	28.02.2025	178.871
4	28.02.2025	28.02.2025	245.556
5	28.02.2025	28.02.2025	533.696
6	28.02.2025	28.02.2025	505.424
7	18.03.2025	18.03.2025	403.966
8	18.03.2025	18.03.2025	310.458

Stefnuþjárhæð nemur samtölu reikningsþjárhæða, alls **kr. 2.610.779**. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Af þeim sökum er stefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar sem stefnandi hefur orðið fyrir vegna innheimtu skuldarinnar, sem stofnaðist til áður en hún var send í löginnheimtu, í samræmi við 12. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

Reynt hefur verið að birta stefnu á skráðu lögheimili hins stefnda félags í þeim tilgangi að reyna starfsstöðvarbirtingu fyrir starfsmanni félagsins. Sú birting bar ekki árangur, líkt og framlagt vottorð í dskj. 8 ber með sér, en hvorki fyrirsvarsmaður félagsins né aðrir starfsmenn fundust þar fyrir. Tatiana Nicula, fyrirsvarsmaður félagsins hefur aldrei haft lögheimili á Íslandi og upplýsinga verður ekki aflað um hvar megi birta stefnuna eftir almennum reglum. Stefna þessi er því birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagatilvísanir:

Vísað er til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttar, meðal annars um skuldbindingagildi samninga og réttar efndir fjárskuldbindinga sem fá stöð í lögum nr. 7/1936 og lögum nr. 50/2000.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum og þá sérstaklega 1. mgr. 6. gr. laganna.

Krafa um að tekið verði tillit til áfallins innheimtukostnaðar styðst við ákvæði 7. gr. og 12. gr. laga nr. 95/2008.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 33. gr. laga nr. 91/1991 og um birtingu stefnu vísast til a. liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn:

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl, auk annarra, til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna þessi ásamt birtingarvottorði.
2. Skrá yfir dskj. 1-8.

Áskilnaður:

Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

Áskorun og viðvörðun:

Hér með er skorað á TaSof ehf., kt. 591222-1120, Mörkinni 1, 108 Reykjavík að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er **Héraðsdómur Reykjavíkur**, á dómþingi sem haldið verður í **dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg**, þann **30. október 2025**, kl. **10.00**, og svara þar til sakar og leggja fram gögn.

Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 28. ágúst 2025.
f. h. stefnanda,
Davíð Blöndal Þorgeirsson lögmaður

(2025019503

Útgáfud.: 12. september 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 10. september 2025 síðastliðinn í máli nr. L-2482/2025, var Steinn Jakob Ólason, kt. 010358-4429, sviptur fjárræði tímabundið í eitt ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjaness, 11. september 2025.
Erna Björt Árnadóttir aðstoðarmaður dómara

(2025018758

Útgáfud.: 17. september 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 16. september 2025 síðastliðinn í máli nr. L-2590/2025, var Jóel Arnarsson, kt. 2606042010, sviptur fjárræði tímabundið í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja. Héraðsdómi Reykjaness, 16. september 2025.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari

(2025019086

Útgáfud.: 18. september 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 16. september síðastliðinn í máli nr. L-2067/2025, var Guðlaug Elísa Kristinsdóttir, kt. 220641-2019, svipt fjárræði tímabundið í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjaness, 16. september 2025.
Erna Björt Árnadóttir aðstoðarmaður dómara

(2025019259

Útgáfud.: 18. september 2025

Svipting lögræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 17. september 2025 í máli nr. L-4443/2025, var Sólrún Petra Halldórsdóttir, kt. 270301-3040, svipt lögræði tímabundið í eitt ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 17. september 2025.
Brynjar Níelsson héraðsdómari

(2025019263

Útgáfud.: 23. september 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. september 2025 í máli nr. L-4446/2025, var Helga Margrét Söebech, kt. 010558-2049, svipt lögræði tímabundið í 5 ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 22. september 2025.
Helgi Sigurðsson héraðsdómari

(2025019412

Útgáfud.: 23. september 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. september 2025 í máli nr. L-4363/2025, var Hanna Laura Fdez. Egilsdóttir, kt. 190807-2660, svipt lögræði tímabundið í 5 ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 22. september 2025.
Björn L. Bergsson héraðsdómari

(2025019469

Útgáfud.: 23. september 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Leigufélagið Birta ehf.**

Kt.: 490925-0150.

Heimili og varnarþing: **Kirkjulundi 8, 210 Garðabær.**

Dagsetning samþykktar er: 12. ágúst 2025.

Stofnendur: Eygló Bjarnardóttir, kt. 180941-3209, Kirkjulundi 8, 210 Garðabær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 12. ágúst 2025.

Stjórnarmaður: Eygló Bjarnardóttir. Varastjórn: Katrín Thelma Jónsdóttir, kt. 281083-4069, Gullengi 7, 112 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Eygló Bjarnardóttir.

Prókúruumboð: Eygló Bjarnardóttir, Katrín Thelma Jónsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jón Hörður Guðjónsson, kt. 200972-3419, Holtagerði 5, 200 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Leiga á fasteignum til fyrirtækja og einstaklinga.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025019407

Útgáfud.: 23. september 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **EN103 ehf.**

Kt.: 490925-2010.

Heimili og varnarþing: **Hafnarstræti 53, 600 Akureyri.**

Dagsetning samþykktar er: 24. júlí 2025.

Stofnendur: Enor ALT ehf., kt. 580707-0680, Höfðabakka 9a, 110 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 24. júlí 2025.

Stjórnarmaður: Davíð Búi Halldórsson, kt. 190777-5299, Vörðutúni 1, 600 Akureyri. Varastjórn: Hjörtur Bjarki Halldórsson, kt. 230276-5879, Þrumutúni 5, 600 Akureyri.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Davíð Búi Halldórsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Hermann Ágúst Brynjarsson, kt. 150660-4599, Lögbergsgötu 7, 600 Akureyri.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Kaup og sala verðbréfa, eignarhald á verðbréfum, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025019409

Útgáfud.: 23. september 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **ÓS rafverktakar ehf.**

Kt.: 490925-0310.

Heimili og varnarþing: **Auðbrekku II, 604 Akureyri.**

Dagsetning samþykktar er: 8. ágúst 2025.

Stofnendur: SS95 ehf., kt. 411221-2100, Smárahlið 16, 603 Akureyri, Ólafur Þór Magnússon, kt. 270984-3559, Auðbrekku 1 og 2 lóð, 604 Akureyri.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 8. ágúst 2025.

Formaður stjórnar: Ólafur Þór Magnússon. Meðstjórnandi: Snorri Skúlason, kt. 250695-2099, Smárahlið 16, 603 Akureyri. Varastjórn: Hulda Bryndís Tryggvadóttir, kt. 010996-2019, Smárahlið 16, 603 Akureyri, Kristín Anna Kristjánsdóttir, kt. 070485-3039, Auðbrekku 1 og 2 lóð, 604 Akureyri.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Snorri Skúlason.

Prókúruumboð: Ólafur Þór Magnússon, Snorri Skúlason.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Birta Mogensen, kt. 160983-2999, Þorrasölum 37, 201 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Vinna við raflagnir og skyldur rekstur. Kaup, sala og rekstur fasteigna. Lánastarfsemi og hvað eina annað sem kann að vera féluginu til hagsbóta.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025019410

Lögbirtingablað,
46. tölublað 2025.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.